

ÍÞRÓTTAAKADEMÍA GRV OG ÍBV

LÍFSSTÍLSSAMNINGUR- VIÐURLÖG

- **Vímuefnabindindi**
Máli vísað til stjórnenda.
- **Námsárangur**
Umsjónarkennari heldur utan um mætingar og heimanám.
 - ✓ Við fyrstu fjarvist ræðir umsjónarkennari við nemanda og hefur samband heim
 - ✓ Vanskil á heimanámi (3x) ræðir umsjónarkennari við nemanda og hefur samband heim

Ef tiltal umsjónarkennara skilar ekki árangri er málinu vísað til stjórnanda.

- **Fyrirmyndarhegðun**
Ef hegðun nemanda er ábótavant og hún breytist ekki við tiltal viðkomandi kennara/þjálfara/skólaliða. Kennari ræðir við nemanda, hefur samband heim og lætur umsjónarkennara vita. Annað starfsfólk hefur samband við umsjónarkennara sem ræðir við nemanda og hefur samband heim.

Ef tiltal greina-/umsjónarkennara skilar ekki árangri er málinu vísað til stjórnanda.

- **Hegðun**
Stjórnandi kallar nemanda í viðtal. Nemandi fær sjálfsmatsblað og á að meta hegðun sína í viku. Í lok vikunnar er nemandi kallaður aftur í viðtal með umsjónarkennara og farið yfir matsblöðin. Ef viðkomandi hefur ekki bætt hegðun sína þá er honum vísað tímabundið úr akademíunni þar til hann er tilbúinn að bæta hegðun sína.

- **Ástundun**

GRV

- Ef skólasóknareinkunn er komin í 8 er nemandi kallaður í viðtal til stjórnenda með foreldri og unnið að viðunandi lausn.
- Ef skólasóknareinkunn er komin í 6 er nemanda vísað tímabundið úr akademíunni þar til hann hefur gert viðeigandi ráðstafanir til hækka hana aftur þ.e. staðist samning um hækkun á skólasóknareinkunn.

Íþróttakademía

Þjálfarar hafa samband við stjórnendur.

ATH: Öll samskipti og atvik ber að skrá í Mentor.

Vinnuferli stjórnenda

Þegar mál er komið til stjórnenda fer eftirfarandi ferli í gang:

- Nemandi kallaður í viðtal til stjórnenda með foreldri og unnið að viðunandi lausn.
- Nemandi er vísað tímabundið úr akademíunni, fær ekki að taka þátt í einni lotu og fyrirlestri og fær tækifæri til að bæta sig. Nemandi þarf að sýna bættu hegðun til að eiga kost á að koma inn í akademíuna aftur.
- Ef engin breyting verður á hegðun þá er nemandi vísað úr akademíunni.